

210. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 3. maí 2018, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Axel Sæland sem varamaður Óttars Braga Þráinssonar, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

1.1. 194. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

1.2. 154. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2018 – 18-76.

Mál nr. 4; Leynir Rimatjörn L207855: Landbúnaðarsvæði: Breytt notkun: Aðalskipulagsbreyting – 1803062.

Lögð fram umsókn Guðmundar Ó. Ingimundarson um breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis við Rimatjörn. Er óskað eftir að landið verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða þar sem hún er í samræmi við núverandi landnotkun svæðisins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, þegar endurskoðað aðalskipulag sem nú er í vinnslu hefur tekið gildi.

Mál nr. 5; Leynir Rimatjörn L207855: Landbúnaðarsvæði: Breytt notkun: Deiliskipulagsbreyting – 1803063.

Lögð fram umsókn Guðmundar Ó. Ingimundarson um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Rimatjörn úr landi Leynis sem felst í að 12 lóðir eru felldar niður og skipulagssvæðið minnkar sem því nemur.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að lóðirnar verði felldar úr deiliskipulaginu en í ljósi þess að fyrirhugað er að byggja mannvirki tengd garðyrkju á svæðinu er mælt með að skipulagssvæðið sé ekki minnkað heldur gerð grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og uppbyggingu tengdri garðyrkju.

Mál nr. 6; Brúarhvammur lóð 1 lnr. 167225 og lóð 2 lnr. 174434: Aukið byggingarmagn og stækkun byggingarreita: Deiliskipulagsbreyting – 1708021.

Á fundi skipulagsnefndar 11. janúar 2018 var afgreiðslu breytingar á deiliskipulagi sem nær til lóðanna Brúarhvammur 1 og 2 frestað þar til fyrir lægi samkomulag milli eigenda þeirra og lögbýlisins Brúarhvamms um lóðarmörk og aðkomu að lóðunum. Nú hefur eigandi lóðanna óskað eftir að málið verði tekið upp aftur með vísan í minnisblað hans dags. 5. apríl 2018 og bréfs Jóns Egilssonar hrl. dags. 6. apríl 2018. Óskað er eftir að deiliskipulagsbreytingin sem kynnt var

verði samþykkt með þeirri breytingu að fallið er frá öllum breytingum á lóð nr. 2 auk þess sem dregið er úr byggingarmagni á lóð nr. 1.
Lagt fram tölvuskeyti frá Ívari Pálssyni, Landslögum, f.h. Kvótasölunnar ehf þar sem gerðar eru athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

Mál nr. 7; Brattholt 167065: Friðlandið við Gullfoss: Stofnun lóðar – 1611018.
Eyrún M. Stefánsdóttir vék af fundi undir þessum lið.
Lögð fram að nýju umsókn Brattholts ehf. dags. 22. október 2016 um afmörkun friðlandsins við Gullfoss. Málinu var frestað á fundi skipulagsnefndar 10. nóvember 2016. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir hnitsetta afmörkun landsins sem er 164,2 ha að stærð.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða stofnun landsins með fyrirvara um að hnitsett afmörkun landsins nái ekki út í Hvítá, heldur miðist eingöngu við árbakka Brattholtsmegin. Þá má landið ekki ná yfir landeignirnar Gullfoss 1/2 í annars vegar Bláskógabyggð og hinsvegar Hrunamannahreppi. Er um að ræða landeignir með lnr. 166845 og 167192. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 8; Sandamýri lnr. 223807: Nýbyggingar og breyting í lögbýli: Deiliskipulag – 1711048.
Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir 10,4 ha spildu úr landi Einiholts sem kallast Sandamýri. Var lýsingin kynnt með auglýsingu 21. mars og hafa engar athugasemdir borist.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 9; Skálabrekkugata 3 lnr 172580: Breytt notkun lóðar: Aðalskipulagsbreyting – 1804029.
Kolbeinn Sveinbjörnsson vék af fundi undir þessum lið.
Lögð fram umsókn Þórðar Sigurjónssonar dags. 4. apríl 2018 um breytingu á aðalskipulagi sem nær til lóðarinnar Skálabrekkugata 3. Óskað er eftir að hluti landbúnaðarsvæðis verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í samræmi við umsókn. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, þegar endurskoðað aðalskipulag sem nú er í vinnslu hefur tekið gildi.

Mál nr. 10; Útey 1 lóð lnr 168168: Breytt afmörkun og stærð lóðar – 1804023.
Lögð fram umsókn Eflu hf. f.h. eigenda lóðarinnar Útey lóð 1 lnr. 168168 þar sem óskað er eftir staðfestingu á hnitsettri afmörkun lóðarinnar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er mæld stærð lóðarinnar 9.850 fm.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka og að afmörkun lóðar miðist við árbakka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11; Útey 1 lóð lnr 168169: Breytt afmörkun og stærð lóðar – 1804024.
Lögð fram umsókn Eflu hf. f.h. eigenda lóðarinnar Útey lóð 1 lnr. 168169 þar sem óskað er eftir staðfestingu á hnitsettri afmörkun lóðarinnar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er mæld stærð lóðarinnar 11.076 fm.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykkir eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarka og að afmörkun lóðar miðist við árbakka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 12; Þingvellir Bratti í Botnsúlum lnr 170796: Fjallaskáli: Deiliskipulag – 1804020.

Lögð fram umsókn Ferðafélags Íslands f.h. Ísalp, dags. 3. apríl 2018, þar sem óskað er eftir heimild til að gera deiliskipulag fyrir fjallaskálann Bratta í Botnsúlum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið, enda verði það í höndum sveitarfélagsins.

Mál nr. 13; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Framkvæmdarleyfi: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála – 1803071.

Lögð fram til kynningar kæra Náttúruverndarsamtaka Íslands og Landverndar vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun. Fyrir liggur að sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur falið lögfræðingi sveitarfélagsins og skipulagsfulltrúa að svara nefndinni og senda inn gögn sem málið varðar.

Mál nr. 14; Kjóstaðir 2 lnr 167132: 10 tjöld til útleigu: Fyrirspurn – 1712030.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Ásu Viktoríu Dalkarls og Hjalta Gunnarssonar um heimild til að setja upp tjöld til útleigu ásamt þjónustuhúsi á jörðinni Kjóstöðum 2. Hugmyndir um uppbyggingu voru kynntar eigendum aðliggjandi lands með bréfi dags. 7. mars 2018 með athugasemdafresti til 28. mars. Engar athugasemdir bárust.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi sem unnin hefur verið af Pétri H. Jónssyni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að framlögð tillaga að deiliskipulagi verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 15; Syðri-Reykir 2 lnr 167163: Ýmsar byggingar ásamt ferðaþjónustuhúsi: Deiliskipulag – 1804006.

Lögð fram umsókn Syðri-Reykja Resort ehf. dags. 21. mars 2018 um deiliskipulag á landinu Syðri-Reykir 2 lnr. 167163. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 500 fm gróðurhús, 120 fm vélaskemmu auk tveggja allt að 120 fm húsa fyrir ferðaþjónustu. Á landinu er þegar gamalt íbúðarhús (193,2 fm) og geymsla (180 fm).

Þar sem um er að ræða deiliskipulag á bæjartorfu með mörgum hagsmunaaðilum telur sveitarstjórn Bláskógabyggðar að nauðsynlegt sé að kynna tillöguna fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu áður en ákvörðun er tekin um framhalds málsins. Meðal annars er bent á að ekki liggja fyrir staðfest hnitsett afmörkun lóðarinnar og er hún án stærðar í fasteignaskrá. Skipulagsfulltrúa er falið að senda tillöguna til kynningar öllum hagsmunaaðilum á bæjartorfu Syðri-Reykja.

Mál nr. 16; Efsti-Dalur 2 lnr 167631: Aðstöðuhús: Fyrirspurn – 1804035.

Lögð fram fyrirspurn Snæbjörns Sigurðssonar dags. 6. apríl 2018 um leyfi til að byggja aðstöðuhús á jörðinni Efsti-Dalur 2, um 200 m sunnan Laugarvatnsvegar rétt við núverandi útihús.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er forsenda þess að hægt sé að veita byggingarleyfi í samræmi við fyrirspurn, að málið verði sent í grenndarkynningu til eigenda Efsta-Dals 1.

Mál nr. 17; Einiholt 1 land 2 lnr 222396: Íbúðarhús: Lögbylí: Deiliskipulag – 1801057.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir 15,7 ha spildu úr landi Einiholts 1 þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús, útihús og gestahús. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt með auglýsingu 28. febrúar 2018 og bárust engar athugasemdir, en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 28. mars 2018. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að tillagan verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga þegar gerðar hafa verið minniháttar lagfæringar í samráði við skipulagsfulltrúa. Þá þarf að leita umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 28; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-76 – 1804001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2018 lagðar fram til kynningar.

1.3. 155. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 18. apríl 2017 18-77.

Mál nr. 1; Aphóll 8 lnr 167660: Stækkun frístundahúss: Fyrirspurn – 1804049.

Lögð er fram fyrirspurn Karl Laxdals Snorrasonar þar sem óskað er eftir vilyrði fyrir stækkun á núverandi frístundarhúsi á lóðinni Apahól 8 lnr 167660 úr landi Aphóls 2 í Bláskógabyggð í samræmi við meðfylgjandi gögn. Núverandi bústaður er skv. fasteignaskrá 50 m² að stærð og lóðin skráð 6191,0 m².

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að byggt verði við núverandi frístundarhús og mælir með að umsókn verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa, þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Sandskeið G-Gata 9 (170727): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – 1804045.

Lögð fram umsókn Öldu Viggósdóttur dags. 08.04.2018 um byggingarleyfi á sumarhúsi fyrir 36,1 m² úr bjálkum á lóðinni Sandskeiði G - Gata 9 lnr. 170727 úr landi Miðfells. Skv. fasteignaskrá er lóðin skráð 5.000,0 m².

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að byggt verði frístundarhús í samræmi við umsókn og vísar henni til afgreiðslu byggingarfulltrúa, þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 3; Seljaland 12 (167950): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – 1804054.

Lögð er fram umsókn Michal Bohdan Wojtas dags. 16.04.2018 um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi, samtals 82,4 m² úr timbri. Um er að ræða lóðina Seljaland 12 lnr. 167950. Skv. fasteignaskrá er lóð 3454,0 m².

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að byggt verði frístundarhús í samræmi við umsókn og mælir með að henni verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa, þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 4; Miðhús L167150: Miðhús 1: Breytt heiti lóðar – 1804050.

Lögð er fram umsókn Rekstarfélag Miðhúsa hf dags. 06.04.2018 um breytingu á heiti lóðar. Um er að ræða jörðina Miðhús fnr. 220-4969, 03 0101). Óskað er eftir að jörðin verði skráð sem Miðhús 1 til samræmis við Miðhús 2 fnr. 225-1801 í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytingu á heiti lóðarinnar.

Mál nr. 5; Efri-Reykir lóð 1 lnr. 167257: Stofnun 7 nýrra lóða: Deiliskipulagsbreyting – 1606073.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi landsins Efri-Reykir lóð 1 (lnr. 167257) þar sem gert er ráð fyrir að landinu verði skipt í 7 lóðir. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 27. apríl 2017 með athugasemdafresti til 26. maí. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma, fyrir utan ábendingu landeigenda um ranga staðsetningu bílastæðis. Málið var sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu með bréfi dags. 13. nóvember 2017 þegar lagfærð gögn höfðu borist. Þá er lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember 2017 þar sem mælt er með því að tillagan verði dregin tilbaka.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að tillagan að deiliskipulagi landsins verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Ekki þjónar tilgangi að auglýsa tillöguna sem verulega breytingu þar sem hún hafi þegar verið kynnt hagsmunaaðilum, þ.e. aðliggjandi lóðarhöfum og landeigenda.

Mál nr. 6; Efri-Reykir 167080: Hótelbygging og baðlón: Deiliskipulag – 1610007.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis fyrir hótél og baðlón á spildu í landi Efri-Reykja, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýrslu. Er tillagan lögð fram með breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar sem fram koma í fyrirliggjandi umsögnum. Þá liggur einnig fyrir umsögn Minjastofnunar og Náttúrufræðisstofnunar en ekki hefur enn borist umsögn frá Fiskistofu þrátt fyrir ítrekaða beiðni.

Forsenda deiliskipulagsins er að aðalskipulag Bláskógabyggðar verði staðfest og því er afgreiðslu tillögunnar frestað þar til sú staðfesting liggur fyrir.

Mál nr. 7; Sandamýri lnr. 223807: Nýbyggingar og breyting í lögbýli: Deiliskipulag – 1711048.

Kynnt er á ný tillaga að deiliskipulagi fyrir 10,36 ha spildu úr landi Einiholts 1 sem kallast Sandamýri (lnr. 223807). Liggur spildan upp að landi Gígjarhólsskots 2, milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegjar. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á landinu og byggja þar íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir dýralækningar.

Deiliskipulagstillagan var kynnt með auglýsingu 18.04.2018 samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust. Búið er að óska eftir umsögn frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Minjastofnun og Vegagerðinni en þær liggja ekki enn fyrir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 8; Einiholt 1 land 2 lnr 222396: Íbúðarhús: Lögbýli: Deiliskipulag – 1801057.

Kynnt er á ný tillaga að deiliskipulagi sem nær til 15,7 ha spildu (lnr. 222396) úr landi Einiholts í Bláskógabyggð. Landið er norðan bæjartorfu Einiholts og liggur milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegjar. Deiliskipulagstillagan var kynnt með

auglýsingu 18.04.2018 samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010: Ein athugasemd barst frá félagi sumarhúsaeigenda. Félagið gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytingarnar en áréttar að nú þegar eru vandkvæði með vatnsþrýsting á svæðinu. Óskað er eftir að brugðist verði við og farið í aðgerðir til að tryggja svæðinu nægilegt vatn. Búið er að óska eftir umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, vegagerðinni og Minjastofnun en þær liggja ekki enn fyrir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-77 – 1804002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. apríl 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.4. Fundur vinnuhóps vegna endurskoðunar deiliskipulags Reykhólts, dags. 25. apríl 2018.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- 1.5. 51. fundur stjórnar byggðarsamlags UTU ásamt fundargögnum.
2. dagskrárlið fundargerðar er vísað til samþykktar aðildarsveitarfélaga. Um er að ræða samstarfs- og þjónustusamningur við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun og frágang byggingarmála. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi fyrir sitt leyti.
- 1.6. 11. hönnunarfundur vegna leikskólabyggingar í Reykholti, dags. 24. apríl 2018.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að skipta upp útboði á byggingu nýs leikskóla. Boðin verði út við fyrsta tækifæri uppsteypa og frágangur á ytra birgði húsnæðisins, þ.e. þak, gluggar og utanhússklæðning.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 16. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga ásamt ársskýrslum 2016 og 2017.
- 2.2. 265. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

3. Ársreikningur Bláskógabyggðar 2017; síðari umræða og afgreiðsla.

Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2017 lagður fram til annarrar og lokaumræðu hjá sveitarstjórn. Helstu lykiltölur ársreiknings samstæðu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur:	1.349.489
Rekstrargjöld:	-1.151.407
Afskriftir	-41.957
Fjármagnsgjöld:	-13.754
Tekjuskattur:	-14.345
Rekstrarniðurstaða:	128.026

Efnahagsreikningur:

Eignir:	
Fastafjármunir:	1.225.638
Veltufjármunir:	361.067
Eignir samtals:	1.586.706

<i>Skuldir og eigið fé:</i>	
Eigið fé:	1.019.092
Langtímaskuldir:	356.658
Skammtímaskuldir:	210.955
Skuldir alls:	567.614
Eigið fé og skuldir samtals:	1.586.706
Nettó fjárfestingar ársins:	133.716
Handbært fé um áramót:	219.100
Veltufjárhlutfall:	1,56
Eiginfjárhlutfall:	60,6%
Skuldahlutfall:	46,9%
Skuldaviðmið skv. reglugerð	34,7%
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður	229.266

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi ársreikning Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2017 og áritaði hann.

Ársreikningur Bláskógaveitu 2017 var einnig lagður fram til afgreiðslu. Veitustjórn var búin að taka hann til afgreiðslu á 85. fundi sínum og samþykkja hann og vísa honum til afgreiðslu og áritunar hjá sveitarstjórn.

Helstu lykiltölur ársreiknings Bláskógaveitu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

<i>Rekstrarreikningur:</i>	
Rekstrartekjur:	92.875
Rekstrargjöld:	-44.969
Afskriftir	-6.987
Fjármagnstekjur:	671
Tekjuskattur:	-14.345
Rekstrarniðurstaða:	27.244

<i>Efnahagsreikningur:</i>	
Eignir:	
Fastafjármunir:	118.520
Veltufjármunir:	76.438
Eignir samtals:	194.958

<i>Skuldir og eigið fé:</i>	
Eigið fé:	169.367
Langtímaskuldir:	5.012
Skammtímaskuldir:	20.579
Skuldir alls:	25.591
Eigið fé og skuldir samtals:	194.958
Nettó fjárfestingar ársins:	3.899
Handbært fé um áramót:	40.985

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi ársreikning Bláskógaveitu fyrir rekstrarárið 2017 og áritar hann.

4. Þingmál til umsagnar:

4.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 20. apríl 2018; frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (þingmál 467).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis:

- Frumvarpið mun þyngja til muna og lengja matsferli framkvæmda og þá heildar framkvæmdatíma. Þetta mun skapa óvissu og vera verulega íþyngjandi fyrir stjórnsýsluna og framkvæmdaaðila.
- Stytting gildistíma umhverfismats er óraunhæft í ljósi staðreynda. 5 ár er ekki langur tími þegar um er að ræða flóknar framkvæmdir. Þetta mun auka pressu og fjölga kærumálum sem valda munu enn frekari óvissu en nú er. Lagt er til að gildistími haldist óbreyttur frá núgildandi lögum, 10 ár. Ef frumvarpið verður óbreytt, að þessu leyti, að lögum mun það án efa kalla á verulega aukinn kostnað sem komi til með að falla á almenning þegar öllu er á botninn hvolft.
- Frumvarpið er ekki að ná meginmarkmiði tilskipunar 2014/52/ESB um einföldun ferla við umhverfismat.
- Nauðsynlegt er að taka lög um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar frá grunni. Í því sambandi má færa sterk rök fyrir því að endurskoða og samþátta önnur lög s.s. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslög 123/2010. Nauðsynlegt að líta á feril framkvæmda heildstætt til þess að samráð, álit og forsendur kærumála komi fyrr fram í undirbúningsferli framkvæmda. Það verklag sem er viðhaft í dag við kærumál vegna afgreiðslu til þess berra stofnana á mati á umhverfisáhrifum eða útgáfu framkvæmdaleyfa er með öllu óásættanlegt. Mikill tími og kostnaður fer í síendurtekin kærumál, þá sér í lagi á síðari stigum framkvæmdaferla, eykur til muna tíma og kostnað sem að lokum kemur til með að falla á almenning í landinu.

4.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 20. apríl 2018; frumvarp til laga um skiplag haf- og strandsvæða (þingmál 425).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir að svo komnu máli.

4.3. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 20. apríl 2018; tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029 (þingmál 479).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir athugasemd við orðalag í 4. kafla, Markmið og áherslur. í 4. mgr. verði bætt við „aðalskipulögum“ á eftir „.. sett hafi verið fram í gildandi“. Nauðsynlegt að vísað sé í gildandi aðalskipulög sveitarfélaga. Í Skipulagslögum 123/2010 segir að til grundvallar landsskipulagsstefnu skal hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar, þar sem við á. Enda

segir í 2. efnisgrein 10. greinar skipulagslaga, „ Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun ..“ Aðalskipulag er samþattuð áætlun opinbers aðila sem lýtur að öllum þessum þáttum. Í þessu tilliti er t.d. aðalskipulag sterkari grunnur er varðar eðli uppbyggingar en tilvísun í gildandi landsskipulagsstefnu.

- 4.4. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 20. apríl 2018; tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 (þingmál 480).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir að svo komnu máli.

5. Samningar:

- 5.1. Drög að samkomulagi við Dattaca Labs Iceland vegna innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf.
Lögð fram drög að samkomulagi við Dattaca Labs Iceland kt. 590515-3530 vegna rágjafavinnu við innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf. Áætlaður kostnaður vegna þessa verkefnis er kr. 1.901.250 að viðbættum VSK.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að semja við Dattaca Labs Iceland um þetta verkefni og felur sveitarstjóra eða oddvita að undirrita samkomulagið fyrir hönd Bláskógabyggðar. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun 2018 þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárhagsáætlun. Afgreiðslu viðauka vísað til 12. dagskrárliðar þessa fundar.
- 5.2. Drög að ferðapjónustusamningi við Blindrafélagið vegna ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.
Lögð fram drög að þjónustusamningi við Blindrafélagið kt. 470169-2149 þar sem Blindrafélagið tekur að sér að reka ferðapjónustu við blinda íbúa Bláskógabyggðar og gera þeim kleift að sinna á sjálfstæðan máta erindum sínum á höfuðborgarsvæðinu.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Blindrafélagið á grundvelli fyrirbyggjandi draga og felur sveitarstjóra eða oddvita að ljúka frágangi þessa þjónustusamnings og undirrita hann fyrir hönd Bláskógabyggðar.
- 5.3. Drög að lóðarleigusamningum við Ferðafélag Íslands vegna lóða að Hlöðuvöllum í Laugardalsafretti.
Lögð fram drög að lóðarleigusamningum við Ferðafélag Íslands vegna tveggja lóða að Hlöðuvöllum á Laugardalsafretti. Um er að ræða lóð undir hesthús annarsvegar og undir núverandi skála hinsvegar. Þessum drögum að lóðarleigusamningum hafa verið send til forsætisráðuneytis til yfirferðar og hefur ráðuneytið fallist á samningana eins og þeir liggja fyrir.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi lóðarleigusamninga og felur sveitarstjóra og oddvita að ganga frá samningum við Ferðafélag Íslands vegna umræddra lóða.

- 6. Ljósleiðaraverkefni Bláskógabyggðar; staða verkefnisins, umræða.**
 Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála í ljósleiðaraverkefni Bláskógabyggðar. Ekki hafa ennþá borist svör frá Mílu varðandi kostnað við tengingu 8 – 10 aðila í tengslum við fyrirhugað ljósleiðarkerfi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ekki er því unnt að taka afstöðu til erindisins.
 Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að haldið verði áfram að hanna og undirbúa framkvæmdir á fyrri forsendum að allir staðir verði tengdir í verkefni Bláskógabyggðar.
- 7. Umsókn um starfsleyfi fyrir fiskeldi að Eyjarlandi.**
 Lagt fram tölvuskeyti Skarphéðins Péturssonar lögmanns, f.h. Veiðifélags Eystri Rangár, dags. 2. maí 2018, þar sem óskað er eftir því að afgreiðslu áðursends erindis Veiðifélags Eystri Rangárs verði frestað.
 Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins.
- 8. Ráðning í stöðu skólastjóra leikskólans Álfaborgar.**
 Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir niðurstöðu auglýsingar vegna stöðu skólastjóra leikskólans Álfaborgar.
 Oddviti og sveitarstjóri greindu frá stöðu mála og gerðu grein fyrir tillögu sinni að Lieselot Simoen kt. 180489-4369 verði boðin umrædd skólastjórastaða.
 Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að bjóða Lieselot Simoen starf skólastjóra leikskólans Álfaborg. Sveitarstjóra er falið að ganga frá ráðningu hennar skv. samþykktu erindisbréfi og starfslýsingu fyrir stöðu skólastjóra leikskólans Álfaborgar.
- 9. Stöðuskýrsla um ástand hússins Álfaborgar, - gamla barnaskólahúsið Reykholti.**
 Lögð fram stöðuskýrsla sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar um ástand gamla barnaskólahússins sem áður hýsti leikskólann Álfaborg, dagsett 16. apríl 2018.
 Í skýrslunni kemur fram að rakinn fer hægt minnkandi en samt sem áður ekki kominn á það stig að ásættanlegt sé. Hvað það taki langan tíma fyrir húsið að þorna er óljóst eins og staðan er, en vísbendingar gefa til kynna að jarðhiti sé í klöppinni undir húsinu. Eins og staðan er í dag er það mat sviðsstjóra að með tilliti til ástands hússins í dag, þá er það ónothæft með öllu. Ef rakastig í veggjum og gólfi kjallara kemst í ásættanlegt horf þá liggja fyrir umtalsverðar lagfæringar á húsinu áður en hægt verði að koma því í notkun. Niðurstaðan er því sú að ekki er tímabært að taka neinar ákvarðanir á þessu stigi um framtíðarnýtingu húsnæðisins en málið verður aftur skoðað eftir 3 – 4 mánuði. Þar til verður frekari viðgerðum á húsinu frestað.
- 10. Ákvörðun um staðfestingu kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara 26. maí 2018.**
 Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga, sem fara fram þann 26. maí 2018 hefur ekki ennþá verið send út til sveitarfélaga frá Þjóðskrá Íslands. Verið er að vinna í yfirferð kjörskrár með vefrænum hætti á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að staðfesta kjörskrá með áritun sinni og auglýsa framlagningu hennar þegar hún hefur borist. Sveitarstjórn veitir ennfremur sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 í samræmi við III. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Ef sérstök álitamál koma upp að mati sveitarstjóra, þá veitir sveitarstjórn byggðaráði Bláskógabyggðar jafnframt

fullnaðarheimild til að úrskurða um mál á næsta fundi sínum sem haldinn verður föstudaginn 25. maí 2018.

11. Innsend bréf og erindi:

- 11.1. Bréf sóknarnefndar Miðdalssóknar, mótttekið 24. apríl 2018; beiðni um fjárstyrk vegna framkvæmda við grafreitinn á Laugarvatni.
Lagt fram bréf sóknarnefndar Miðdalssóknar þar sem fram kemur beiðni um fjárstyrk vegna framkvæmda við aðkomu að grafreitnum á Laugarvatni frá þjóðveginum í gegnum Laugarvatn. Samkvæmt lögum ber sveitarfélaginu að koma að verkefni sem þessu fjárhagslega og einnig er þetta samstarf sveitarfélags og sóknarnefndar tilgreint í viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira frá 1. júlí 2015.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að styrkja verkefnið um 1,5 milljón króna en heildarkostnaður verkefnisins er um 2,4 milljónir króna. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2018 og er samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sem tekin verður fyrir undir 12. dagskrárlið þessa fundar.
- 11.2. Tölvuskeyti Þóris Stephensen, dags. 27. apríl 2018 ásamt fylgibréfi; minningarsíða vegna útgáfu bókarinnar Stefán sterki.
Lagt fram tölvuskeyti Þóris Stephensen þar sem Bláskógabyggð er boðið að verða skrá á minningarsíðu bókarinnar Stefán sterki.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að kaupa skráningu á minningarsíðu bókarinnar.
- 11.3. Bréf Íþróttasambands fatlaðra, mótttekið 17. apríl 2018; beiðni um styrk vegna útgáfu Hvata.
Lagt fram bréf Íþróttasambands fatlaðra þar sem óskað er eftir styrk í formi auglýsingar eða styrktarlínu vegna útgáfu blaðsins Hvata. Erindinu hafnað.
- 11.4. Bréf UMFÍ, dags. 27. apríl 2018; beiðni um formlegar samningaviðræður.
Lagt fram bréf UMFÍ þar sem óskað er eftir formlegum samningaviðræðum við Bláskógabyggð varðandi íþróttamiðstöðina á Laugarvatni.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fara í formlegar samningaviðræður við UMFÍ og felur oddvita og formanni byggðaráðs að vera fulltrúar Bláskógabyggðar í viðræðunum.

12. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2018.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að fyrsta viðauka við fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2018. Tveimur samþykktum á þessum fundi hefur verið vísað til afgreiðslu þessa viðauka. Jafnframt er útgjöldum sem var á áætlun ársins 2017 og kom ekki til framkvæmda þá verið bætt inn í þennan viðauka sem lagður er fram til afgreiðslu á þessum fundi. Um er að ræða kaup á byggingarlandi úr landi Brautarhóls.

Tillaga að fyrsta viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2018 er eftirfarandi:

Bláskógabyggð 2018

Viðauki við fjárhagsáætlun 2018

(í þúsundum króna)

Málaflokkayfirlit	Viðauki 1			Samantekt allra viðauka		
	Rekstrar tekjur	Rekstrar gjöld	Samtals	Upphafleg fjárhags-áætlun niðurstaða	Samtals viðaukar	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Aðalsjóður						
00 - Skatttekjur	0	0	0	1.022.090	0	1.022.090
02 - Félagsþjónusta	0	0	0	-62.697	0	-62.697
03 - Heilbrigðismál	0	0	0	-3.000	0	-3.000
04 - Fræðslu- og uppeldismál	0	0	0	-565.175	0	-565.175
05 - Menningarmál	0	-1.500	-1.500	-18.132	-1.500	-19.632
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	0	0	0	-96.988	0	-96.988
07 - Brunamál og almannavarnir	0	0	0	-42.107	0	-42.107
08 - Hreinlætismál	0	0	0	-1.036	0	-1.036
09 - Skipulags- og byggingarmál	0	0	0	-39.486	0	-39.486
11 - Umferðar- og samgöngumál	0	0	0	-42.982	0	-42.982
13 - Atvinnumál	0	0	0	-23.751	0	-23.751
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja	0	0	0	-18.302	0	-18.302
21 - Sameiginlegur kostnaður	0	-2.000	-2.000	-107.041	-2.000	-109.041
28 - Fjármagnsliðir	0	0	0	31.393	0	31.393
<i>Aðalsjóður samtals</i>	<i>0</i>	<i>-3.500</i>	<i>-3.500</i>	<i>32.786</i>	<i>-3.500</i>	<i>29.286</i>
Aðrir sjóðir í A-hluta						
Eignasjóður	0	0	0	-3.115	0	-3.115
Þjónustumiðstöð	0	0	0	131	0	131
<i>A-hluti samtals</i>	<i>0</i>	<i>-3.500</i>	<i>-3.500</i>	<i>29.802</i>	<i>-3.500</i>	<i>26.302</i>
Sjóðir í B hluta						
Félagslegar íbúðir	0	0	0	-3.900	0	-3.900
Fráveita	0	0	0	663	0	663
Bláskógaveita	0	0	0	32.245	0	32.245
Leiguíbúðir	0	0	0	2.699	0	2.699
Vatnsveita	0	0	0	14.691	0	14.691
<i>A og B-hluti samtals</i>	<i>0</i>	<i>-3.500</i>	<i>-3.500</i>	<i>76.200</i>	<i>-3.500</i>	<i>72.700</i>

Fjárhagsáætlun 2018

Rekstrarreikningur

Tekjur

	Yfirlit rekstraráætlun					
	A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar	Fjárhags-áætlun m. viðaukum
Skatttekjur	880.000	0	880.000	880.000	0	880.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	142.090	0	142.090	142.090	0	142.090
Aðrar tekjur	152.333	0	152.333	318.233	0	318.233

	<i>Samtals tekjur:</i>	1.174.42 3	0	1.174.423	1.340.323	0	1.340.323
Gjöld							
Laun og launatengd gjöld		552.080	0	552.080	568.258	0	568.258
Annar rekstrarkostnaður		555.932	3.500	559.432	612.582	3.500	616.082
	<i>Samtals gjöld:</i>	1.108.01 2	3.500	1.111.512	1.180.840	3.500	1.184.340
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		66.411	-3.500	62.911	159.483	-3.500	155.983
Afskriftir		25.756	0	25.756	51.337	0	51.337
Niðurstaða án fjármagnsliða		40.655	-3.500	37.155	108.146	-3.500	104.646
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		-10.853	0	-10.853	-31.946	0	-31.946
Niðurstaða f. tekjuskatt		29.802	-3.500	26.302	76.200	-3.500	72.700
Tekjuskattur		0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða		29.802	-3.500	26.302	76.200	-3.500	72.700

Fjárhagsáætlun 2018	Yfirlit sjóðsstreymisáætlun					
	A hluti			Samantekið A og B hluti		
Sjóðsstreymisyfirlit	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fárhagsáætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar	Fárhagsáætlun m. viðaukum
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins	29.802	-3.500	26.302	76.200	-3.500	72.700
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	25.756	0	25.756	51.337	0	51.337
Verðbætur og gengismunur	10.831	0	10.831	20.044	0	20.044
Veltufé frá rekstri	66.389	-3.500	62.889	147.581	-3.500	144.081
Breytingar á skammtímalíðum:						
Breytingar rekstrart. eignum og skuldum	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	66.389	-3.500	62.889	147.581	-3.500	144.081
Fjárfestingahreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	-220.000	-10.000	-220.000	-319.080	-10.000	-329.080
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirt. breyting	-31.073	0	-31.073	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar:	-251.073	0	-251.073	-319.080	-10.000	-329.080
Fjármögnunarhreyfingar:						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	12.227	0	12.227	0	0	0
Tekin ný langtímalán	300.000	0	300.000	300.000	0	300.000
Afborganir langtímalána	-71.206	0	-71.206	-77.341	0	-77.341
Fjármögnunarhreyfingar:	241.021	0	241.021	222.659	0	222.659
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	56.337	-13.500	52.837	51.160	-13.500	37.660
Handbært fé (fjárpörf) í ársbyrjun	97.085	0	97.085	135.014	0	135.014
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	153.422	-13.500	149.922	186.174	-13.500	172.674

Fjárfesting 2018	Viðauki 1		Samantekið A og B hluti		
	Fjár- festing	Viðauki 1 fjárfesting	Upphafleg fjárhags- áætlun fjárfesting	Samtals viðaukar	Fárhags- áætlun m. Viðaukum fjárfesting
Leikskóli Reykholti		0	200.000	0	200.000
Gatnakerfi		0	10.000	0	10.000
Kaup á byggingarlandi - Brautarhóll	10.000	10.000		10.000	10.000
Ljósleiðaraverkefni		0	10.000	0	10.000
Samtals A-hluti	10.000	10.000	220.000	10.000	230.000
Hitaveita		0	36.940	0	36.940
Vatnsveita		0	12.140	0	12.140
Fráveita		0	50.000	0	50.000
Samtals B-hluti		0	99.080	0	99.080
Samtals A og B-hluti; samstæða	10.000	10.000	319.080	10.000	329.080

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2018 og felur sveitarstjóra og endurskoðendum að skila viðaukanum inn til lögbundinna aðila.

13. Mál til kynningar:

- 13.1. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. apríl 2018; styrkur frá Jöfnunarsjóði í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf.
- 13.2. Fréttatilkynning frá Sambandi sunnlenskra kvenna, móttækin 26. apríl 2018; ályktun um lýðheilsumál.
- 13.3. Kynning frá Podium ehf um samfélagsábyrgð.
- 13.4. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. apríl 2018; Leiðbeiningar um skrá yfir vinnslustarfsemi, - persónuverndarlöggjöf.
- 13.5. Skýrsla skólastjórnenda í Bláskógabyggð; Húsnæðismál skólastofnana í Bláskógabyggð og hugmyndir að breytingum á samkennslu á unglingsstigi.

Fundi slitið kl. 17:40.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Axel Sæland

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Sigurrós H Jóhannsdóttir